

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.  
4.12.2002

**Viðbótarathugasemd við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981 mál. 324**

Samtök atvinnulífsins gera athugasemd við eftirfarandi liði breytingartillögu frá efnahags- og viðskiptanefnd.

- a. Í stað hlutfallstalnanna "5" og "10" í 1. tölul. kemur: 10 og 20
- b. Í stað hlutfallstalnanna "5" og "10" í 2. tölul. kemur: 10 og 20

Framangreind breytingartillaga gerir ráð fyrir að 10% í línulegri fyrningu breytist í 20% í stíglækkandi fyrningu. Í umsögn SA var gerð tillaga um að 10% í línulegri fyrningu breyttist í 25% í stíglækkandi fyrningu. Hlutfallið 10% í línulegri fyrningu felur í sér að afskrifað er niður í niðurlagsverð eignar (sem er 10% af stofnverði) á 9 árum. Hlutfallið 20% í stíglækkandi fyrningu felur í sér að niðurlagsverði eignar verði náð á 11 árum en 25% að því verði náð á 8 árum. Eitt markmið þessara breytinga er, eins og fram kemur í athugasemdum, að fyrningartími verði sem næst því hinn sami og áður. Það hlutfall sem leiddi til nákvæmlega sama fyrninginartíma er 22,5%. Í ljósi þessa telja SA ekki rétt að lengja fyrningartímann og því verði 10% línulegri afskrift breytti í 25%, en ekki 20% eins og breytingartillagan gerir ráð fyrir.

Virðingarfyllst,

Hannes G. Sigurðsson  
aðstoðarframkvæmdastjóri  
Samtök atvinnulífsins